

Ávarp Berglindar Ásgeirsdóttur
Ráðuneytisstjóra í Heilbrigðisráðuneytinu

Ágætu ráðstefnugestir, það er mér mikil ánægja að vera hér með ykkur í dag og sjá hversu mörg við erum hér saman komin að ræða um lýðheilsu og skólastarf.

Lýðheilsa er tiltölulega nýtt orð í íslenskri tungu þó að hugtakið hafi ávallt verið til staðar án þess að við settum utan um það ramma orðanna og gáfum hugtakinu því skilgreindan skilning meðal Íslendinga. En eins og við vitum eru orð til alls fyrst og því var það mikilvægt að við eignuðumst orðið 'lýðheilsa'. Orðið varð til um og upp úr 1996. Samkvæmt orðabók menningarsjóðs, nýustu útgáfu frá árinu 2002, þýðir orðið lýðheilsa, með leyfi fundarstjóra: "*almennt heilsufar í samfélagi, líkamlegt og andlegt, varðar allt frá fräreennslismálum til menntunarmöguleika*".

Ef litið er til alþjóðlegra skilgreininga á enska orðinu 'public health' er ljóst að við þurfum að aðlaga skilgreiningu orðabókar menningarsjóðs á orðinu 'lýðheilsa' að breyttum tímum. Það eru nefnilega nýir tímar framundan í heilbrigðismálum. Tímar þar sem einstaklingar verða í auknum mæli skilgreindir út frá getu sinni en ekki einungis takmörkunum. Skilgreindir út frá heilsu sinni og heilbrigði.

Það er út frá þessum breyttu hugmyndafræðilegu forsendum að ég fullyrði við ykkur sem hér eruð saman komin, að lýðheilsumál munu færast ofar á forgangslista hjá nýju stefnmótunarsviði Heilbrigðisráðuneytisins sem og stjórnsýslunni allri. Í raun ætti mat á áhrifum á lýðheilsu að fara fram við stefnumótun í allri stjórnsýslunni, þannig að við hefðum vitneskju um áhrif stjórnvaldsaðgerða á heilsu þjóðarinnar.

En að skólunum.

Uppvaxtarskilyrði barna í dag eru um margt ólík þeim aðstæðum er við ólumst upp við. Á sama tíma og breyttu þjóðfélagi fylgja aukin lífsgæði, fleiri tækifæri og betri lífskjör, standa börn í dag einnig frammi fyrir ógnunum við heilsu og heilbrigði sem ekki voru til staðar fyrir örfáum árum. Má þar nefna m.a aukna kyrrsetu, aukið áreiti, aukna félagslega einangrun, breytt mataræði og aukna fíkniefnaneyslu meðal ungs fólks á framhaldskólaaldri sem nokkra orsakapætti sem m.a. hafa leitt af sér offitu og tengda sjúkdóma, aukna tíðni geðraskana..

Til að ná árangri þarf að hvetja ungt fólk til jákvæðrar breytni og atlætis. Gefa þarf ungu fólki tækifæri til að breyta sjálf og umbuna fyrir jákvæða breytingu á lífsháttum. Þannig getum við náð árangri í því að efla heilbrigði ungs fólks, með samvinnu og frumkvæði á sviði heilsueflingar.

Það er vilji ráðherra að stóraukin áhersla verði lögð á heilsueflingu og forvarnir á öllum sviðum samfélagsins og að almennt verði stuðlað að heilbrigðari lífsháttum. Í þessum anda er nú verið að vinna að mótun heildstæðrar heilsustefnu og aðgerðaráætlunnar sem nær út árið 2009. Stýrinefnd verkefnisins og verkefnisstjóri ásamt samstarfsfólki úr stofnunum ráðuneytisins hafa unnið hörðum höndum undanfarna sex mánuði að verkinu. Það hefur verið gert í eins mikilli samvinnu við borgaralegt samfélag og unnt hefur verið og mun ráðherra reka smiðshöggið á það samráðsferli í næstu viku er hann fundar með um 80 manns á 4 fundum til að sækjast eftir ábendingum um aðgerðaráætlunina. Bæði stefnan og aðgerðaráætlunin eru enn opin fyrir ábendingum en til stendur að kynna drög að stefnunni sjálfri og aðgerðaáætlunni upp úr næstu mánuðarmótum.

Það verða breyttar áherslur í Lýðheilsustefnunni, sem hingað til hefur borið vinnuheimtið 'Heilsustefna' og aðgerðaáætluninni sem endurspeglar orsakatengingu frumbreytuna sem aftur eru grunnur að aðgerðunum sem finna má í áætlunni. Það þýðir samt ekki að fallið verði frá hefðbundnum forvörnum sem slíkum því það að efla heilsu annars vegar með

heilsueflingu á orsakabreytu og hins vegar með beinni forvörn gegn áhættuþætti eru tvær hliðar á sama peningi og geta vel farið saman.

Við, fulltrúar ríkisvaldsins, gerum okkur grein fyrir því að við sem samfélag náum betri árangri ef við vinnum öll saman. Heilsuefling og forvarnir eru í eðli sínu samvinnuverkefni og verða ekki unnar af stjórnvöldum einum sér. Árangur næst einungis með samvinnu.

Það er því ósk mín að við sem heild verðum það lánsöm að við náum að vinna saman að þeim breytingum er nú standa yfir.